

## 5. fundur 24. júní 2015

Miðvikudaginn 24. júní 2015 kom stjórn og varastjórn saman til fundar í sal stéttarfélaganna á 3. hæð (suður) í Alþýðuhúsinu og hófst hann kl. 18,30.

### Dagskrá:

1. Ávöxtun á bankainnistæðum.

Samþykkt að setja 70.000.000 á bestu ávöxtun, sem í boði er til 6 mánaða. Eftir þann tíma verður endurskoðun á þessum málum.

2. Niðurstöður kosninga um nýgerðan kjarasamning.

Samningurinn var samþykktur: Já sögðu 289 eða 78,7% í samningi FVSA/LÍV/SA, nei sögðu 74 eða 20,2 %, 4 tóku ekki afstöðu eða 1,1%. Á kjörskrá voru 1.612 og þátttaka því 22,77%.

Við samningi FVSA/LÍV/FA sögðu 9 já, eða 90%, nei sagði 1, eða 10%. 28 voru á kjörskrá og þátttaka því 35,71%. 7 kærðu sig inn til að kjósa.

3. Sumarferð/kostnaður.

Ferðanefndin lagði fyrir kostnaðaráætlun fyrir sumarferðina 15. ágúst n.k. en hennar er getið í fundargerð 26. .maí s.l. Samþykkt að félagsmenn greiði kr. 6.000 pr. mann.

4. VR skóli lífsins.

Eiður formaður gerði grein fyrir gangi VR skólans en á morgun 25. júní fer fram lokanámskeið hóps nr. 2. Hefur reynslan af þessum skóla þótt góð.

5. Önnur mál.

Einn af heiðursfélögum félagsins Kolbeinn Helgason lést 11. júní s.l. og var hans minnst á fundinum.

Halldór Óli kom með fyrirspurn um hvort félagið hefði í hyggju að semja við Flugfélag Íslands um niðurgreidd flugfargjöld. Þessi mál hafa áður verið rædd og málið í skoðun.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

Sign: Anna María Elíasdóttir, Anna Kristín Árnadóttir, Guðlaug María Óskarsdóttir, Einar Hjartarson, Sigríður St. Stefánsdóttir, Jón G. Rögnvaldsson, Halldór Óli Kjartansson, Eiður Stefánsson. Fundargerð ritaði Kristín Þorgilsdóttir.